

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

## 195. FUNDUR.

195. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 9. febrúar árið 2012 í fundarsal Ráðhússins kl. 15:00. Oddviti setti fund.

Mætt undirrituð.

Gengið var til dagskrár.

### 1. Fundagerðir byggðarráðs. Formaður byggðarráðs kynnti.

**Fundagerð 734. fundar** frá 23. janúar s.l. Fundagerð í 15 liðum. Framlögð eftirfarandi tillaga vegna 7. dagskrárliðar:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fela sveitarstjóra að ráða lögmann til starfa til að gæta hagsmuna sveitarfélagsins vegna hugsanlegra þjóðlendukrafna fjármálaráðuneytisins.“  
Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundagerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.

**Fundagerð 735. fundar** frá 30. janúar s.l. Fundagerð í 4 liðum. 2. liður fundagerðarinnar borinn upp til atkvæða sérstaklega og samþykktur með 5 atkvæðum. Elín Jóna Rósinberg og Ragnar Smári Helgason viku af fundinum við afgreiðslu 2. liðar sökum vanhæfis. Eftirfarandi tillaga lögð fram vegna 3. dagskrárliðar.

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að veita Selasiglingu ehf. styrk að fjárhæð kr. 500.000-. Styrkveiting þessi er í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækisins.“  
Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 5 atkvæðum. Aðrir liðir fundagerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.

**Fundagerð 736. fundar** frá 6. febrúar s.l. Fundagerð í 10 liðum. Eftirfarandi tillaga lögð fram vegna 10. dagskrárliðar:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fela íþrótt- og tómsfundafulltrúa að vinna að undirbúningi skipunar ungmennaráðs og leggja fyrir sveitarstjórn tillögu um skipan ráðsins. Sveitarstjórn Húnaþings vestra álitur mikilvægt að ungmennaráð verði skipað í sveitarfélaginu m.a. vegna fyrirhugaðs dreifnáms.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundagerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.

### Fundagerðir nefnda.

#### 2. Fundagerð félagsmálaráðs, oddviti kynnti.

**Fundagerð 122. fundar** frá 25. janúar s.l. Fundagerð í 6 liðum. Eftirfarandi tillaga lögð fram vegna 5. dagskrárliðar:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra fagnar því að nú hafi þeim áfanga verið náð að öll ráðgjafarþjónusta vegna málefna fatlaðra sem og öll önnur fræðslu og velferðarþjónusta við íbúa Húnaþings vestra sé nú veitt af starfsmönnum fræðslu- og velferðarsviðs sveitarfélagsins.“

Sveitarstjórn Húnaþings vestra leggur áherslu á að stjórn byggðasamlags um málefni fatlaðra gæti þess að fjárframlögum vegna verkefna málefna fatlaðra milli einstakra þjónustusvæða verði skipt eftir þjónustuþyngd og með réttlátum og sanngjörnum hætti.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.

### **3. Fundargerð fræðsluráðs, oddviti kynnti.**

**Fundargerð 127. fundar** frá 1. febrúar s.l. Fundargerð í 8 liðum. Eftirfarandi tillaga lögð fram vegna 1. dagskrárliðar:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að skoðanakönnun um viðhorf íbúa í dreifbýli til seinkunar skólaaksturs tvo daga í viku verði endurtekin í lok yfirstandandi skólaárs.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Framlögð eftirfarandi tillaga vegna 6. dagskrárliðar:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra fagnar því að fyrirhugað er að hefja kennslu á framhaldsskólastigi með dreifnámssniði frá Fjölbautaskóla Norðurlands vestra í sveitarfélaginu á komandi hausti. Verkefni þetta hefur langan aðdraganda sem fjölmargir aðilar hafa komið að á sl. árum en var loks samþykkt í desembermánuði sl. í gegnum Sóknaráætlun landshluta 2020. Sveitarstjórn vill koma á framfæri þakklæti til þeirra aðila sem veitt hafa þessu verkefni mikilvægan og nauðsynlegan stuðning. Sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur væntingar um að viðbrögð íbúa sveitarfélagsins gagnvart þessu nýja tækifæri til framhaldsskólamenntunar í heimabyggð verði vel tekið og a.m.k. takist að fylla þau 10 nemendaígildi sem gerð er krafa um. Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fela sveitarstjóra og oddvita að leita eftir samkomulagi við stjórn Félagsheimilisins á Hvammstanga um húsnæði til leigu vegna dreifnámsins komist það á.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.

### **4. Fundargerð menningar- og tómstundaráðs, oddviti kynnti.**

**Fundargerð 102. fundar** frá 1. febrúar s.l. Fundargerð í 3 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

### **5. Fundargerð skipulags- og umhverfisráðs, oddviti kynnti.**

**Fundargerð 206. fundar** frá 2. febrúar s.l. Fundargerð í 8 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

### **6. Þriggja ára fjárhagsáætlun fyrir aðalsjóð og undirfyrirtæki Húnaþings vestra. Síðari umræða.** Fram lögð svohljóðandi tillaga.

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða þriggja ára fjárhagsáætlun, 2013, 2014 og 2015 fyrir aðalsjóð Húnaþings vestra og undirfyrirtæki.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

### **7. Bréf Landsbankans um niðurfellingu eftirstöðva láns og endurgreiðslu.**

Oddviti, Leó Örn Þorleifsson lagði fram eftirfarandi bókun:

„Í bréfi Landsbankans dags. 26. janúar 2012 er sveitarstjórn Húnaþings vestra tilkynnt um þá ákvörðun bankans, í kjölfar niðurstöðu Hæstaréttar í málum stofnfjáraðila Byrs frá 24. nóvember 2011, að fella niður að fullu eftirstöðvar láns sem sveitarfélagið hafði tekið á árinu 2007 vegna kaupa á stofnfé í Sparisjóði Vestfjarða og stofnfjárukningar í Sparisjóði Húnaþings og Stranda í aðdraganda samruna þessara sparisjóða við Sparisjóðinn í Keflavík alls kr. 17.333.463-. Í bréfinu er einnig greint frá þeirri ákvörðun Landsbankans að endurgreiða Húnaþingi vestra þær innborganir sem greiddar voru til Landsbankans hf. eða SpKef sparisjóðs samtals kr. 15.204.295-

Vegna þessa er nauðsynlegt að eftirfarandi komi fram:

- Þann 1. janúar 2012 voru eftirstöðvar áðurnefnds láns kr. 17.333.463- og verða þær felldar niður að fullu, afborganir af láni þessu á árunum 2012-2015 hefðu orðið alls kr. 23.293.921- að teknu tilliti til vaxta. Á árinu 2007 keypti sveitarstjórn Húnaþings vestra stofnbref að fjárhæð kr. 166.028.781- Í lok árs 2007 er bókfærð stofnfjáreign sveitarfélagsins kr. 179.754.309-
- Ef ofangreind ákvörðun Landsbankans hefði ekki komið til hefðu heildargreiðslur sem Húnaþing vestra hefði greitt vegna stofnfjárkaupanna, að teknu tilliti til arðgreiðslna, endurmats og upphaflegs stofnfjár og vaxta vegna afborgana láns orðið alls kr. 156.131.918-
- Með áðurnefndri ákvörðun Landsbankans um endurgreiðslu og niðurfellingu eftirstöðva láns er heildarkostnaður Húnaþings vestra vegna stofnbrefakaupa á árinu 2007 alls kr. 117.633.702- Þannig hefur tjón sveitarfélagsins verið takmarkað um alls kr. 38.498.216-

Í kjölfar niðurstöðu héraðsdóms í málum stofnfjáraðila í Byr var þess óskað að Lex-lögmennastofa tæki saman minnisblað um áhrif þeirrar dómniðurstöðu á kröfu Húnaþings vestra í þrotabú Sparisjóðsins í Keflavík og ráðgjöf til sveitarstjórnar um rökrétt framhald málsins. Því var á fundi sveitarstjórnar þann 9. júní 2011 samþykkt af miklum meirihluta sveitarstjórnarmanna að fela Lex-lögmennastofu að gæta hagsmuna Húnaþings vestra vegna kröfu sveitarfélagsins í þrotabú Sparisjóðsins í Keflavík og leita samkomulags við Landsbankann um meðferð eftirstöðva láns sem tekið var vegna stofnfjárkaupa árið 2007. Því er sú niðurstaða sem hér er kynnt í samræmi við væntingar um að unnt væri að takmarka tjón sveitarfélagsins.“

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu:

Í tilefni af áðurnefndri ákvörðun Landsbankans samþykkir sveitarstjórn Húnaþings vestra að ráðstafa endurgreiðslu kr. 15.000.000- til eftirfarandi verkefna á árinu 2012. Um er að ræða fjölbreytt samfélagsverkefni sem með einum eða öðrum hætti snerta íbúa Húnaþings vestra:

- Grunnskóli Húnaþings vestra:  
Kr. 2.000.000- til kaupa á húsgögnum í kennslustofur.
- Leikskólinn Ásgarður:  
Kr. 2.000.000- v/ aðgengis- og öryggismála með breytingu á aðkomu skólabarna.

- Brunavarnir Húnaþings vestra:  
Kr. 1.000.000- til búnaðarkaupa.
- Vinnuskóli:  
Kr. 750.000- til endurbóta á húsnæði Vinnuskóla.
- Íþróttamiðstöð Húnaþings vestra:  
Kr. 1.500.000- v/ kaupa á læstum skápum í búningsklefa.  
Kr. 1.250.000- v/ kaupa á hlaupabretti í þrektækjasal.
- Tónlistarskóli Vestur-Húnavatnssýslu:  
Kr. 500.000- v/ hljóðfærakaupa.
- Bóka- og skjalasafn Húnaþings vestra:  
Kr. 1.000.000- v/ kaupa á skáp í héraðsskjalasafn.
- Íbúðir aldraðra í Nestúni:  
Kr. 500.000- v/ endurbóta / búnaðarkaupa.
- Félagsheimili í Húnaþingi vestra:  
Félagsheimilið Ásbyrgi kr. 500.000- v/ endurbóta / búnaðarkaupa.  
Félagsheimilið Víðihlíð kr. 500.000- v/ endurbóta / búnaðarkaupa.  
Félagsheimilið Hvammstanga kr. 500.000- v/ endurbóta / búnaðarkaupa.
- Ungmennaráð Húnaþings vestra:  
Kr. 500.000- verði ráðstafað að fengnum tillögum ungmennaráðs.
- Landbúnaðarráð Húnaþings vestra:  
Kr. 1.000.000- v/ viðhalds og endurnýjunar heiðagirðinga.
- Upplýsingaskilti í dreifbýli:  
Kr. 1.500.000- v/ merkinga á héraðs- og tengivegum..

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð upplesin og fundi slitið kl: 16:35

---

Leó Örn Þorleifsson.

---

Stefán Einar Böðvarsson.

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Ragnar Smári Helgason.

---

Elín R. Líndal

---

Þorbjörg I. Ásbjarnardóttir.

---

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri